

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Laxar fiskeldi ehf. Bakka 1, Ölfusi



<b>Dags eftirlits</b>	19.10.2021	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Laxar fiskeldi ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Sigríður Kristinsdóttir
<b>Heimili</b>	Bakka 1	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	450220-1400	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Rafn Heiðdal	<b>ÍSAT nr.</b>	03.22.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö ný frávik kom fram við eftirlitið er varða framleiðslu ársins 2020 og umhverfismarkmið.

Fjórar ábendingar eru gerðar er snúa að mælingum í frárennsli, áætlun um meðhöndlun úrgangs, umgengni um efni ásamt aðkomu og umgengni á lóð.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Boðuð dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
  - o Frávik, ábendingar og úrbætur
  - o Nýtt stækkað starfsleyfi og breyting á því
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
  - o Kynning á áhættumati 2020 og breytingu á flokkum 2021
- Umfang
- Skráningar og gagnaskil
- Frárennsli, hreinsun og mælingar
- Úrgangur, spilliefni og lyf
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.
- Umgengni á lóðum og aðkoma.

Síðan seinasta eftirlit fór fram var nýtt stækkað starfsleyfi gefið út, en það tók gildi í febrúar sl. Eldra starfsleyfi heimilaði framleiðslu allt að 20 tonnum á ári. Nýja starfsleyfið heimilaði eldi allt að 100 tonna lífmassa á hverjum tíma, en framleiðsla á ársgrundvelli skyldi ekki heldur fara yfir 100 tonn. Stækkaða starfsleyfinu hefur síðan verið breytt, en þær breytingar tóku gildi í lok september sl. Við breytinguna var ákvæði er takmarkaði framleiðslu á ársgrundvelli fella út og tekur starfsleyfið því nú einungis til hámarkslífmassa, allt að 100 tonn á hverjum tíma.

Frávikum vegna umframframleiðslu seinni ára er því lokað, sbr. bréf stofnunarinnar dags. 25. nóvember sl. Frávik var einnig skráð í eftirliti 2020 er snéri að hreinsun frárennslis, þar sem sjáanleg var fita og froða í skurði við útrás eldisins. Í bréfi stofnunarinnar dags. 16. nóvember 2020 kemur fram að stofnuninni hafi borist staðfesting á því að bætt hafi verið úr og ástand viðtaka sé viðunandi en það yrði tekið út í næsta eftirliti. Ekki sáust nein ummerki í frárennsli við vettvangsheimsókn og er frávikinu því einnig lokað.

Ábending var gerð í eftirliti ársins 2020 er snéri að árekstrarvörnum olíugeymis og hefur rekstraraðili sinnt því og sett upp árekstrarvarnir. Geymirinn var þó ekki staðsettur þar sem hann á að vera til frambúðar og skal huga að því að við val staðsetningar sé hugað að mengunar- og árekstrarvörnum. Ábending var einnig gerð í seinasta eftirliti er varðaði aðkomu, umgengni og framkvæmdir og ítrekar eftirlitsaðili að hafa skuli í huga að snyrtilegt skuli vera og aðkoma góð þrátt fyrir framkvæmdir.

Eftirlitsaðilar fóru yfir ákvæði gildandi starfsleyfis með fulltrúa rekstraraðila.

Farið var yfir áhættumat ársins 2020 og breytingar á flokkum áhættumatsins vegna ársins 2021 kynntar.

Þegar eftirlitið fór fram voru um 26 tonn í stöðinni. Framleiðsla ársins 2020 var samkvæmt grænu bókhaldi rekstraraðila um 64 tonn. Framleiðsla stöðvarinnar var því meira en þreföld leyfileg framleiðsla, þar sem heimild rekstraraðila takmarkaðist við 20 tonna framleiðslu á þeim tíma. Því er nýtt frávik vegna umfangs skráð en því er þó einnig lokað þar sem breytt starfsleyfi hefur síðan tekið gildi, sbr. umfjöllun hér að ofan.

Skráningar skulu fara fram skv. gr. 4.1 í starfsleyfi og var farið ítarlega yfir það og breytingar á skráningum frá eldra leyfi. Grænu bókhaldi vegna ársins 2020 var skilað fyrir 1. maí sl. þar sem rekstraraðili starfaði umfram 20 tonna

starfsleyfi sitt og umfram þeirra marka er skilgreina hvenær grænu bókhaldi skal skilað.

Stofnunin minnir á að skila skal ársyfirliti og umhverfissupplýsingum (grænu bókhaldi) vegna ársins 2021 fyrir 1. maí nk. skv. ákvæðum gildandi starfsleyfis.

Einnig var farið yfir að til staðar skyldu vera umhverfismarkmið og áætlun um meðhöndlun úrgangs. Áætlun um meðhöndlun úrgangs barst stofnuninni fyrir útgáfu starfsleyfis en stofnunin óskar eftir því að hún verði tekin til endurskoðunar og uppfærslu, sbr. áætlanir rekstraraðila sjálfs um árlega endurskoðun. Umhverfismarkmiðin bárust stofnuninni þann 2. desember sl.

Frárennsli fer allt í gegnum tromlusíu og út í skurð. Ekkert sást óeðlilegt við útrás frárennslis. Sýni voru tekin úr frárennsli í ágúst 2021, en ekki var nægilegt vatn tekið í sýni og niðurstöður voru undarlegar. Rekstraraðili tók viðbótarsýni rétt áður en eftirlitið fór fram og bárust niðurstöður sýnatökunnar stofnuninni þann 11. desember sl.

Fastefni úr tromlusíu ásamt meltu hefur verið urðað og liggja fyrir kvittanir fyrir því. Rekstraraðili skoðar þó að koma efninu í annan farveg. Þó undan fóðri og brúsar fara í endurvinnslu og annar úrgangur er sóttur af sveitafélaginu.

Hreinsiefni og spilliefni eru í brúsum í efnageymslu. Öryggisblöð voru til staðar. Rekstraraðila er bent á að huga að því að sýra og önnur efni séu í lekabyttum, þar sem sýrur og basísk efni séu aðskilin.

Rekstraraðila er bent á að snyrtilegt skal vera á athafnasvæði og ganga þurfi vel um.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 1.1 í þágildandi starfsleyfi	Framleiðsluheimild starfsleyfis var 20 tonn á arsgrundvelli. Rekstraraðili framleiddi margfalt leyfilegt magn eða tæp 64 tonn á árinu 2020. Nýtt starfsleyfi tarkmarkar eldi við 100 tónna lífmassa á hverjum tíma og frávikin er því lokað.
gr. 2.1 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Umhverfismarkmið lágu ekki fyrir í eftirliti. Markmiðin voru send stofnuninni þann 2. desember sl. og frávikin er því lokað.



## ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun bendir á að sbr. gr. 4.3 í starfsleyfi skal mæla magn heildarfosfórs og -köfnunarefnis við inntak vatns í stöðina og útrás frárennslis a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun og hinsvegar lágmarksfóðrun. Rekstraraðili skal meta virkni hreinsibúnaðar. Til viðbótar óskar eftirlitsaðili eftir því að útreikningar á losun frá fóðurnotkun fylgi einnig ársyfirliti.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að áætlun um meðhöndlun úrgangs, sem lá fyrir við útgáfu starfsleyfis, verði uppfærð svo hún taki til þeirra skrefa sem rekstraraðili ætlar að taka til að auka endurnýtingu lífbrjótanlegs niðurgangs í stað förgunar með urðun og áætlaðar tímasetningar þeirra skrefa.

Eftirlitsaðili bendir á að geyma þurfi sýru og basísk efni í efnageymslu rekstraraðila í aðskildum lekabyttum eða aðskildu rými þar sem ekki er möguleiki á blöndun eða að efnin fari í niðurföll, sbr. gr. 3.11 í starfsleyfi.

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu sbr. gr. 2.3 í starfsleyfi.

## ANNAÐ

Leiðbeiningar um meðhöndlun fastefnis frá landeðisstöðvum sem stofnunin gaf út á árinu 2020 voru sendar með boðun eftirlits og er rekstraraðila bent á að kynna sér þær og fara yfir möguleika á nýtingu efnis sem er hreinsað frá frárennslis stöðvarinnar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 21.12.2021

  
Hulda Soffía Jónasdóttir

